Með úrskurði sínum dagsettum 30.desember s.l. hefurÂ Úrsk-urðar-nefnd um-hverf-is- og auðlinda-mála falið Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar að fella úr gildi starfsleyfi SKOTREYNar á Álfsnesi.Â

Í niður-stöðu nefndarinnar kem-ur fram að ekki liggi fyr-ir að land-notk-un hafi verið breytt frá því að úr-sk-urður nefnd-ar-inn-ar var kveðinn upp síðast. Þá fari starfs-leyfið auk þess í bága við ákvæði skipu-lags-reglu-gerðar um land-notk-un-ar-flokka en í þeirri reglu-gerð er ekki að finna heim-ild til að víkja frá gild-andi land-notk-un sam-kvæmt skipu-lagi. Með vís-an til þess verði því að fella hið kærða starfs-leyfi úr gildi.Â

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar sendi bréf til SKOTREYNar laugardaginn 31.desember s.l. þar sem leyfið er afturkallað.

Þetta hefur væntanlega áhrif á nýtt starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur sem **var í auglýsingu í desember** og lauk athugasemdartímanum um það þann 28.desember s.l.

Nú verða embættismenn Reykjavíkurborgar að vinna hratt að því að breyta Aðalskipulagi þannig að það uppfylli skilyrði laga um landnotkun undir skotíþróttasvæði.

Athyglisvert er að hið opinbera skuli leyfa sér að stöðva þessa starfsemi fyrirvaralaust, þar sem um mistök í orðalagi er orsök lokunar en ekki aðsteðjandi hætta fyrir nokkurn mann. Skaðinn er þegar orðinn mikill fyrir bæði félögin á Álfsnesi og hlýtur að koma til þess að sækja þurfi skðabætur til hins opinbera til að bæta fyrir það tjón sem þetta hefur valdið þeim.